



**Landssambandsþing**  
**4.- 5. maí 2013**  
**Skýrslur deilda og nefnda**

## Frá vetrarstarfi Delta Kappa Gamma deilda 2012-2013

### Alfadeild

Þema Alfadeildarinnar þennan veturinn er samskipti, listir, tengsl. Fundir vetrarins hafa litast af þessum áherslum. Tengsl og samskipti innan deildar sem og við aðra deild hafa eflst. Á



haustdögum voru DKG konur á Suðurnesjum heimsóttar og var sá fundur einstaklega vel heppnaður. Á vordögum komu Suðurnesjakonur svo í heimsókn til Reykjavíkur. Magnús Skúlason gekk m.a. með hópnum um gömlu höfnina og fræddi okkur um sögu svæðisins. Báðir "samskiptir" með Suðurnesjakonunum voru sérlega vel til þess fallnir að efla samskipti og tengsl. Menningin og listirnar efla svo andann og allir fara heim glaðir í bragði. Góðir gestir eru ómissandi í starfi Alfadeildarinnar. Á jólafundinum kom Auður Ava Ólafsdóttir og las úr bók sinni Undantekningunni. Lesturinn snart alla viðstadda og Auður Ava sömuleiðis.

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, kom einnig á fund og flutti okkur orð til umhugsunar. Það var gaman að fá tækifæri til að hitta biskup og heyra hennar hugleiðingar. Ekki síst var gaman að spjalla svo í kjölfar orða biskups en hún gaf sér góðan tíma til að sitja með okkur.



Alfadeildin hefur vaxið og dafnað og á einum fundi vetrarins voru sex konur bornar upp og samþykktar til inngöngu í deildinni. Ein deildarkvenna opnaði svo sýningu í Gerðubergi og þá sýningu heimsóttu konur deildarinnar þó ekki væri um formlegan fund að ræða. Alfa konur láta sig hver aðra varða og fara jafnan heim að fundi loknum með góða tilfinningu í hjarta.



María Sólveig Héðinsdóttir, formaður

## Betadeild

Starf nýrrar stjórnar hófst í ágúst 2012 þegar hún kom saman og gerði drög að starfsáætlun vetrar. Jafnframt ákvað stjórn hvert þema stjórnar næstu tvö árin yrði en það er “Konur fræða konur” og er kveikjan að þessu þema 7. markmið landssamtakana “Að fræða félagamenn um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnsmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.”

Vetrarstarf Betadeildar hófst 6. september með haustferð um Akureyri. Sú skemmtilega hefð hefur skapast að hefja vetrarstarfið á haustferð til að þjappa konum saman fyrir veturinn og var fyrir valinu að fara á slóðir hernámsins hér í næsta nágrenni. Farið var með rútu um Akureyri og nágrenni og skoðaðir staðir þar sem herinn hafði aðsetur á hernámsárunum. Fararstjóri var Gunnar Bergur Árnasson faðir Ernu Gunnarsdóttur í Betadeild. Var þetta mjög fróðleg og skemmtileg ferð og merkilegt hvað margar af minjum hernámsáranna standa enn. Ferðin endaði á því að keyrt var fram í Eyjafjarðarsveit á grænmetisveitingastaðinn Silvu og borðað þar. Einnig voru drög að vetrardagskránni kynnt og samþykkt af deild.

Októberfundur var 1. október í Naustaskóla. Dagskrá var undirbúin af stjórn og voru menntamál í brennidepli. Gestur fundarins var Laufey Petrea Magnúsdóttir þáverandi skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík. Laufey Petrea hefur starfað á öllum skólastigum nema grunnskóla. Hún talaði um menntamál í víðum skilningi út frá sjónarhóli konu, sagði frá reynslu sinni og sýn hennar á skólasamfélagið. Í lokin fengu konur tækifæri til að koma með spurningar til Laufeyjar Petreu og vangaveltur varðandi erindi hennar.

Nóvemberfundur var 1. nóvember í Brekkuskóla. Dagskrá var undirbúin af stjórn og voru efnahagsmál í brennidepli. Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og Grenivík kom og talaði um efnahagsmál. Guðný hefur verið sveitastjóri í 25 ár og á þessum 25 árum hefur hún aldrei fundið fyrir því á sveitarstjórnarmönnum að þeim finnist erfitt að hafa konu í brúnni. Talið var Guðný vilt og breytt um efnahagsmál s.s. skattahækkunir, svartamarkaðsbrask, „snjóhengjur“, EFTA, sjávarútveginn, unga fólkið og skuldir heimilanna, neyðarlög og olíu við Grænland svo eitthvað sé nefnt. Eftir fyrirlesturinn sköpuðust góðar umræður. Einnig var kynning frá útbreiðslunefnd en nefndin kynnti drög að verklagsreglum þegar velja á nýja konu í Beta deild.

Mýdeild bauð Betadeild á jólafund sem haldinn var í VMA 29. nóvember og sá stjórn Mýdeildar alfarið um skipulag. Í fyrra þegar Mýdeild var á sínu fyrsta starfsári bauð Betadeild deildinni á sinn jólafund. Ekki er ólíklegt að hefð sé að myndast varðandi jólafundum þessara tveggja deilda.

Janúarfundur var 8. janúar í heimahúsi og var þetta bókafundur þar sem konur segja frá áhugaverðum bókum sem þær hafa lesið. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd en í fyrra var tekið upp það fyrirkomulag að allar Betasystur taki þátt í að undirbúa fundi og stjórna þeim. Þá næst að virkja alla í deildinni, konur kynnst betur, fleiri hugmyndir koma fram um efni á fundum og þær fá þjálfun í að undirbúa og stjórna fundum.



*Frá haustferð Betadeilar 6. september 2012*

Febrúarfundur var 11. febrúar í MA. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd og kom



Bryndís Óskarsdóttir sem rekur ferðaþjónustu í Skjaldavík í Eyjafirði og sagði frá tilurð fyrirtækis síns. Einnig voru útbreiðslumál rædd.

Marsfundur var 12. mars í Laxdalshúsi sem er elsta hús bæjarins. Þetta var óhefðbundinn fundur þar sem rætt var um tvær ákveðnar bækur. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd.

Aprílfundur var 10. apríl í Glerárskóla. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd og sagði Halldóra Haraldsdóttir félagi í Betadeild frá nýfstaðinni ferð sinni til Laos í máli og myndum. Tvö skipulögð atriði eru eftir á vetrardagskrá Betadeildar, það fyrra er landsambandsþing DKG og lokafundur deildar sem haldinn verður 17. maí.

Jónína Hauksdóttir, formaður

## Gammadeild

Hjá Gammadeild er þema næstu tveggja ára í samræmi við einkunnarorð Landssambandsins, *Frá orðum til athafna*. Það er útfærsla á grunnþáttum menntunar í nýjum aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011 sem eru þeir sömu fyrir öll skólastig:

*Læsi - Sjálfbærni - Lýðræði og mannréttindi - Jafnrétti - Heilbrigði og velferð - Sköpun*

Fram að þessu hafa verið haldnir sex fundir og mæting ávallt verið mjög góð. Umfjöllun hefur tengst þema vetrarins og hafa bæði komið til okkar góðir gestir og við heimsótt skóla. Gammakonur hafa einnig verið mjög virkar á fundunum bæði með umfjöllun og í umræðum.

Fyrsti fundur vetrarins var 18. september. Svana Friðriksdóttir leiddi okkur um stytur miðbæjarins út frá verkefni sínu í menntunarfræðum með áherslu á list- og verkgreinar. Síðan var fundað á veitingastaðnum PISA í Lækjargötu. Björg Eiríksdóttir var með Orð til umhugsunar og Hertha W. Jónsdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir sögðu frá alþjóðþinginu í New York.



*Móðurást í Mæðragarði. Gammakonur kunnu vel að meta áhugaverða leiðsögn Svönu*

Annar fundurinn var 17. október var haldinn á heimili Svönu Friðriksdóttur. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, fjallaði um grunnþætti menntunar sem er þema deildarinnar næstu tvö árin. Hrefna Þórarinsdóttir var með Orð til umhugsunar og Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá Evrópu Forum.

Þriðji fundur var haldinn 15. nóvember hjá Ragnhildi Þórarinsdóttur. Þar fjallaði Gerður Óskardóttir um rannsókn sína á skilum skólastiga, þ.e. leik-, grunn-, - og framhaldsskóla, einkum út frá grunnþáttunum sköpun, lýðræði og læsi. Ingibjörg Einarsdóttir stýrði talkór Gammasystra á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í tilefni af Degi íslenskrar tungu.

Þriðja desember var jólafundurinn. Hann var á heimili Kristínar Bjarnadóttur. Auður Jónsdóttir, rithöfundur, ræddi um nýjustu bók sína *Ósjálfrátt*. Guðný Helgadóttir var með Orð til umhugsunar og Þórunn Björnsdóttir kom Gammasysturum í jólaskapið með jólalögnum.



Fimmti fundur vetrarins var 15. janúar. Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri Dalskóla tók á móti okkur og kynnti skólann sem sinnir leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Skólinn hefur fengið menningarverðlaun en hann er með ýmsar nýjungar á sviði list- og verkgreina. Arnfríður Rún Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og Elfa Gísladóttir, tónmenntakennari í Dalskóla, fjölluðu um Biophilia-tónvísindasmiðjur sem er samstarfsverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur, tónlistarkonu, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. María Pálmadóttir var með Orð til umhugsunar.

Á sjötta fundinum, sem var hjá Ingibjörgu Einarsdóttur, sagði Ingibjörg Jóhannsdóttir okkur frá þemahefti um einn af grunnþáttunum, þ.e. Sköpun, sem gefið var út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar en Ingibjörg er einn af þremur höfundum þess. Ritið er „hugvekja um sköpun“, og leggur áherslu á bæði skapandi hugsun og sköpun í verki. Sigríður Ragna Sigurðardóttir, landssambandsforseti, var með á fundinum og Stefanía Arnórsdóttir var með Orð til umhugsunar.



Skapandi umræður

Sjöundi fundur vetrarins var í Sæmundarskóla sem hefur m.a. lagt mikla á áherslu á útikennslu. Byrjað var á að fara í útikennslustofu skólans með Björku okkar Einisdóttur sem er kennari við skólann. Síðan tók skólastjórinn, Guðjóna Eygló Friðriksdóttir, á móti okkur og sagði frá skólanum sem síðan var skoðaður og Guðrún Gísladóttir, kennari við skólann, sagði frá meistaraverkefni sínu *Líf og list á landi*, samþætting verk- og listgreina við náttúrugreinar.

Áttundi og síðasti fundur vetrarins verður 23. maí. Þá munu Gammakonur bregða undir sig betri fætinum og funda utan höfuðborgarsvæðisins, kynna sér menningu og sögu og njóta þess að eiga saman ljúfa samverustund að loknum góðum vetri.

Árný Elíasdóttir, formaður

## Deltadeild

Ný stjórn Delta deildar tók við haustið 2012, hana skipa nú Þórunn Reykdal, formaður, Theodóra Þorsteinsdóttir, varaformaður, Dagný Emilsdóttir, meðstjórnandi, Sjöfn G. Vilhjálmsdóttir, ritari og Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri. Á haustdögum markaði stjórnin starfið í vetur með áherslu á frumkvöðla og nýsköpun að leiðarljósi undir merkjum samtakanna „frá orðum til athafna“ og leitast er við að dreifa fundum um svæðið sem félagskonur búa á.



Hernámssetrið að Hlöðum í Hvalfirði hefur verið heimsótt, í Reykjavík fengum við kynningu á starfsemi TrueNorth kvikmyndafyrirtækisins, gestur okkar þá var Sigríður Ragna Sigurðardóttir, forseti landsambandsins. Menntaskóli Borgarfjarðar og hin nýopnaða Edduveröld í Englendingavík í Borgarnesi var skoðuð á dögnum og vígðum við hljóðleiðsögn sýningarinnar við það tækifæri.



Í vor er svo stefnan tekin á Eldfjallasetrið í Stykkishólmi í vorferð deildarinnar ásamt fleiru merku sem þar er að finna. Síðast en ekki síst er vert að minnast þess að á árinu 2012 fagnaði Delta deild 25 ára starfi sem minnst var á fjölsóttum fundi í hátíðarsal Snorrastofu í gamla Héraðsskólahúsinu í Reykholti, en fjórir stofnfélagar sátu fundinn. Rifjuð var upp saga deildarinnar í máli og myndum, brugðið á leik, dansað og sungið, en Theodóra Þorsteinsdóttir færði deildinni að gjöf afmællissöng, Sigrún Jóhannesdóttir, Jóhanna Karlsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir litu um öxl, Jónína Eiríksdóttir fylgdi þeim eftir með myndsýningu úr starfi deildarinnar og Gyða Bergþórsdóttir flutti orð til umhugsunar.



Þórunn Reykdal formaður



## Epsilondeild

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Sveitabúðinni Sóley þar sem við sátum í garðstofu með útsýni yfir Flóann. Pálína Snorradóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði hún um söng og heilsubót. Síðan sagði Margrét Pálína Guðmundsdóttir okkur frá dvöl sinni á Kúbu, þar sem hún dvaldi sem sjálfboðaliði á vegum Vináttufélags Íslands og Kúbu. Margrét sagði okkur meðal annars sögu Kúbu og las frásögn af dvölinni á Kúbu. Einnig rifjaði hún upp byltinguna árið 1959 og ástæður hennar, sagði að byltingin væri ekki búin, enn væri verið að byggja upp og mennta. Markmiðið var að allir yrðu læsir á eyjunni en ólæsi var mikið. Frásögn Maddýjar var mjög fróðleg og skemmtileg. Hún veitti okkur aðra sýn en fjölmiðlar gefa okkur um lífið á Kúpu. Yfir dásamlegum mat í lokin ákváðum við að syngja meira saman.



Jólafundurinn okkar var haldinn í nóvember á Hótel Heklu á Skeiðum þar sem við skoðuðum aðstöðu fyrir landsambandsþingið. Sigfríður Sigurgeirsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún fjallaði meðal annars um hve mikilvægt þakklætið er í lífi okkar. Hólmfríður Árnadóttir greindi okkur frá ævintýralegri ferð sinni um Indland í máli og myndum. Sigríður Ragna landsforseti var gestur fundarins og fór hún yfir ýmis mál sem varða starf samtakanna.



Bókafundur var haldinn í janúar á leikskólanum Óskalandi í Hveragerði. Eftir að hafa rætt vítt og breitt um bókmenntir sýndi Gunnvör leikskólustýra okkur skólann og sagði okkur frá starfinu sem er mjög áhugavert.

Í mars var haldinn fundur í Fjölheimum, nýju fræðasetri á Selfossi. Eydís Katla Guðmundsdóttir sagði okkur frá meistararitgerð sinni en þar skoðar hún hvað verður um þá sem hafa tekið þátt í Grunnmenntaskólanum. Rannsókn Eydísar leiddi í ljós að margir hafa haldið áfram í námi og að almenn ánægja hefur verið með námið. Góður rómur var gerður að erindi Eydísar Kötlur.

Við enduðum vetrarstarfið í Sólheimum í Grímsnesi á inntöku tveggja framúrskarandi kvenna, Margrétar Pálínu Guðmundsdóttur og Hólmfríðar Árnadóttur. Sólin skein í heiði og við fræddumst um Sesselju þá miklu baráttukonu og starfið að Sólheimum sem enn er í hennar anda. Þegar hún stofnaði heimilið að Sólheimum átti hún í miklu ströggli við ráðamenn en þeim þótti varasamt hvað hún gaf börnunum mikið grænmeti! Staðurinn er rekinn í anda sjálfbærni og tekst það að miklu leyti.



Starfið í vetur hefur því verið fræðandi, áhugavert og skemmtilegt. Mest um verð er þó hin góða samvera sem við systur njótum og sú vinátta sem ríkir á meðal okkar. Slíkt er ómetanlegt.

Rósa Marta Guðnadóttir, formaður

## Zeta deild



Eins og venjulega þá eru fundir Zetadeildar haldnir víðsvegar um fjórðunginn. Konur keyra flestar í klukkutíma eða meira á hvern fund. Fyrsti fundurinn var haldinn í Randolphshúsi á Eskifirði. Það var aðalfundur, en hann frestaðist vegna mikils fannfergis í maí síðastliðnum. Þar tók við ný stjórn en hana skipa: Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir formaður, Sigríður Herdís Pálsdóttir varaformaður og Hildur Magnúsdóttir ritari. Anna Margrét Birgisdóttir heldur áfram sem gjaldkeri. Þema vetrarins var m.a. ákveðið að styrkja okkur sjálfar, bæði faglega og

persónulega ásamt ýmsu öðru. Næsti fundur var á Gistiheimilinu á Egilsstöðum fengum við kynningu á jóga. Jóhanna Fjóra Kristjánsdóttir sagði frá námi í Kundalini jóga sem hún er í þann mund að ljúka. Hún sagði okkur frá einkennum jóga og fór yfir sögulegar staðreyndir og fór með okkur í nokkrar jógaæfingar, m.a. öndunaræfingar. Við fengum einnig góðan gest í heimsókn, Sigríði Rögnu formann Landssambandsins. Næsti fundur var haldinn á Stöðvarfirði og dagskráin byrjaði í Frystihúsinu á Stöðvarfirði þar sem sköpunarmiðstöð er að rísa. Á móti okkur tók Rósa Valtingoer og hélt hún fræðslu um starfsemina og sýndi okkur aðstöðuna. Þar er að rísa sköpunarmiðstöð þar sem aðaláherslan er lögð á að nýta það efni sem finnst í yfirgefnum frystihúsi og ásamt því að hirða ýmislegt sem aðrir henda. Hvet alla sem leið eiga um Stöðvarfjörð að koma þarna við. Þriðji fundurinn var svo haldinn á Reyðarfirði. Þar áttum við að fá næringarþerapista með fyrirlestur en hún forfallaðist á síðustu stundu. Steinunn sýndi okkur þá skemmtilega bútasamsaðferð (crazyguilt). Hún notar karlmannsbindi sem uppistöðu í bútasauminn og útkoman verður sérlega skemmtileg. Félagskonur í Zetadeild hafa komið inn á ýmislegt fróðlegt í orðum til umhugsunar t.d. Ruth Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri. Hún vitnaði í Nel Noddings, prófessor við Standford, sem telur að skortur á umhyggju sé undirrót margra vandamála í skólakerfinu og að forsenda þess að menntun eigi sér stað sé umhyggja. Jórunn Sigurbjörnsdóttir fjallaði um sjálfsrækt á degi hamingjunnar. Hún sagði frá því hvernig hún stundaði sjálfsrækt og mikilvægi þess að skilja að tómsundur og vinnu. Steinunn sagði frá upplifun sinni af snjóflóðinu í Neskaupstað. Hún sagði m.a. frá snjóflóði sem féll að húsinu hennar fyrir hádegið þennan sama dag, áður en stóru flóðin féllu. Steinunn missti föður sinn í flóðinu.

Síðasti fundur vetrarins er fyrirhugaður á Skriðuklaustri í Fljótsdal og verður hann þá tvöfaldur.

Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir

## Etadeild

Eins og tíðkast hefur í Etadeild hafa deildarkonur skipt sé í hópa sem hafa séð um fjóra af sex fundum yfir vetrinn. Hóparnir hafa unnið eftir ákveðnum markmiðum, en í þetta sinn var val á fundarefni frjálst.

Á fyrsta fundi okkar sem haldinn var 10. október var viðfangsefnið vera okkar og staða í DKG samtökunum. Við ræddum m.a. um stefnu samtakanna, hvernig við vildum móta félagsstarfið, þannig að það komi sem best til móts við væntingar og þarfir félagskvenna,



verði sýnilegra og árangursríkara. Það hefur oft borið á góma hjá okkur að deildirnar séu of litlar til að hafa áhrif út á við og þess vegna sé samvinna deilda æskileg.

Annar fundur var haldinn laugardagsmorguninn 10. nóvember og hófst í hönnunarhúsi Steinunnar Sigurðardóttur úti á Granda. Steinunn fræddi okkur um ýmislegt varðandi hönnun og vinnu sína í þeim geira. Hún vakti athygli okkar á gildi vandaðra efna og benti á hvernig fjöldaframleiðsla byggist oft á ódýru vinnuafli sem, ásamt náttúru og umhverfi verður fyrir skaða vegna efnamengunar sem oft fylgir slíkri framleiðslu. Hún benti á nauðsyn þess að varðveita gamalt handverk og sögu þess. Að þessu loknu var haldið á Hótel Marína í súpu. Þar fræddi Eyrún okkur um verkefni sitt Lubbi, málörvunarverkefni sem hún vann ásamt samstarfskonu sinni.

Jólafundurinn var haldinn 4. desember á Hótel Natura og var gestur okkar séra Agnes Sigurðardóttir biskup. Hún sagði frá uppvefni sínum og starfi í þjónustu kirkjunnar. Það var ánægjulegt að hlusta á séra Agnesi sem talaði við okkur hrein og bein og blátt áfram og brá fyrir sig glettni og gamansemi inn á milli. Við snæddum góðan mat, sungum jólalög og andi aðventunnar sveif yfir.

Fjórdi fundur var haldinn 4. febrúar og var Guðbjörg Arnardóttir danskennari gestur fundarins. Hún byrjaði á því að kenna okkur vikivaka, en í framhaldi af því fræddi hún okkur um danslistina og mismunandi tegundir af dansi. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að börn lærðu dans og að tjá sig í dansi enda væri líkamstjáning börnum eðlislæg. Eftir fræðslu um dansinn gaf hún okkur innsýn í "lancier" og skipandi dans með því að taka smá æfingu með okkur. Allar höfðum við gaman af.

Fimmti fundur var haldinn 5. mars í Hannesarholti, nýju menningarhúsi í hjarta Reykjavíkur en þetta glæsilega hús reisti Hannes Hafstein fyrir fjölskyldu sína árið 1915. Ragnheiður Jónsdóttir, Etasystir, er eigandi hússins ásamt fjölskyldu sinni og hefur verið í forsvari fyrir gagngerum endurbótum á húsinu og mótun þeirrar starfssemi sem þar er fyrirhuguð. Ragnheiður tók á móti okkur, leiddi okkur gegnum húsið og sagði sögu þess. Að því loknu snæddum við gómsæta máltíð sem kokkur hússins reiddi fram.

Sjötti og síðasti fundur starfsársins er fyrirhugaður í maí og þá mun Gerður G. Óskarsdóttir koma til okkar og ræða rannsókn sína um skil skólastiga.

Auður Torfadóttir

## **Þetadeild**

Ný stjórn tók til starfa í ágúst s.l. og skipa hana þær: Inga María Ingvarsdóttir formaður, Kristín Helgadóttir, ritari, Elín Rut Ólafsdóttir meðstjórnandi, Gyða Arnmundsdóttir meðstjórnandi og Hulda Þorkellsdóttir gjaldkeri og umsjónamaður með vefsíðu deildarinnar. Þrír fundir voru haldnir á haustönninni og þrír á vorönninni, eins og hefð er fyrir. Félagar í Þeta-deildinni eru 28 talsins og sinna hinum ýmsum ábyrgðarstörfum á Suðurnesjum. Nokkrar Þeta-systur taka virkan þátt í starfi sambandsins þær Elín Rut Ólafsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir og G. Lára Guðmundsdóttir eru í samskipta- og útgáfunefnd, Lára er jafnframt formaður nenfdarinnar, Sveindís Valdimarsdóttir í menntanefnd og Guðbjörg Sveinsdóttir er gjaldkeri landssambandsins.

Fyrst verkefni nýrrar stjórnar var að gefa félagsmönnum tækifæri til að kjósa um þema til næstu tveggja starfsára. Fyrir valinu varð 7. gr. DKG samtakanna „*Að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.*“ Einnig leggur stjórnin áherslu á að fjölga félögum í Þeta-deildinni og að efla tengslin við félagar í öðrum deildum.

Góðir gestir hafa heiðrað Þeta-systur með veru sinni á deildarfundum í vetur. Forseti vor Sigríður Ragna Sigurðardóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir voru fyrstu gestir starfsársins. Sigríður Ragna ávarpaði fundinn og minnti félaga á mikilvægi þess að vera virkur í alþjóðasamtökunum DKG og landssambandinu, mæta á deildarfundum, þing og ráðstefnur innan sem utan lands. Í framhaldi af því var Sigrún Klara með áhugavert og upplýsandi erindi um alþjóðasamtök DKG og reynslu sína af að starfa í nefndum á vegum þeirra. Það var einstaklega gaman að hafa þær með okkur.

Á febrúarfundinum fræddi Hjördís Árnadóttir framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar, Þeta-systur um aðkomu bæjarfélagsins og samning við íslenska ríkið um málefni hælisleitenda á landinu, en þeim hefur fjölgað mikið síðustu tvö árin. Fróðlegt erindi sem tengist þema starfsársins og ekki síður þörf umræða.



Systur í Þeta-deild létu einnig til sín taka á fundum vetrarins. Guðbjörg Sveinsdóttir fráfarandi formaður var með skemmtilega myndasýningu og sagði frá upplifun sinni af ný afstaðinni Alþjóðaráðstefnu DKG samtakanna í NY, sem var í ágúst, 2012. Brynja Aðalbergsdóttir kynnti á jólafundinum meistaraverkefni sitt *Viltu biðja jólasveininn að gefa mér íslenskt nammi í skóinn* sem fjallar um áhrif bandaríska varnarliðsins á nærliggjandi samfélög. Í kjölfarið fóru félagsmenn á flug og rifjuðu upp kynni sín af veru hersins og áhrif hans á menningu og daglegt líf Suðurnesjamanna. Bókafundurinn var á sínum sama stað í byrjun árs, eins og undanfarin ár. Á fundunum spjalla Þeta-systur um uppáhalds bækurnar sínar. Fastur liður á deildarfundum er *orð til umhugsunar* sem félagskonur skiptast á að vera með. Það er alltaf tilhlökkunarefni að heyra hvað þeim liggur á hjarta. Málefni eru alltaf mjög fjölbreytt, eins og áhyggjur af neikvæðri umfjöllun í fjölmiðlum af Suðurnesjum, hugleiðingar um einkunnarorð samtakanna, vinátta, trúmennska og hjálpssemi og lestrakennsla í skólum landsins svo eitthvað sé nefnt.

Eitt af markmiðum DKG samtakanna er að vinna að því að efla tengsl á milli kvenna sem starfa við fræðslustörf. Stjórnir Þeta- og Alfadeildanna ákváðu að efla tengsl deildanna með sameiginlegum fundum. Fyrir áramótin heimsóttu Alfa-systur okkur og eftir áramótin heimsóttum við þær til Reykjavíkur. Dagskrá fundanna var mjög skemmtileg sem byggðist á skoðunarferðum, hefðbundnum fundarliðum og í lokin borðuðu félagar saman og var lögð áhersla að sætaskipan væri þannig að engin sæti hjá systur úr sömu deild. Það er óhætt að segja að eftir þessa tvo fundi eru systur deildanna málkunnugar og tilhlökkun að hitta þær og kynnast þeim enn frekar í nánustu framtíð.



Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka Þeta-systrum fyrir samstarfið á liðnum vetri, Alfa-systrum fyrir skemmtileg kynni og stjórn landsambandsins fyrir samvinnuna. Ég óska Delta Kappa Gamma félagskonum gleðilegs sumar og hlakka til að samstarfsins á næsta starfsári.

Inga María Ingvarsdóttir, formaður

## lotadeild

Vetrarstarfið hófst í september með sögugöngu um Ísafjörð. Leiðsögumenn voru þær Jóna Símonía Bjarnadóttir og Andrea Harðardóttir. Farið var yfir sögu húsbýgginga og atvinnulífs í elsta hluta bæjarins. Að því loknu var haldið í safnahúsið, Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði, þar sem formlegur fundur var haldinn.



Í október voru við á svipuðum slóðum, þá hittumst við í Turnhúsinu, einu af elstu húsum Ísafjarðar sem nú hýsir sjóminjasafn bæjarins. Þar var Andrea Harðardóttir með erindi um safnafræðslu.

Í nóvember hittumst við í Grunnskólanum á Ísafirði þar sem Jóna Benediktsdóttir kynnti meistaraverkefni sitt sem fjallaði um tengsl sérkennslu og sjálfsmyndar.

Í janúar var hinn hefðbundni bókafundur deildarinnar. Bókafundirnir eru alltaf mjög vel heppnaðir og mun lengri en aðrir fundir.

Febrúarfundurinn bar yfirskriftina „frá hugmynd til framkvæmdar“ Þá heimsóttum við Nanný Örmu Guðmundsdóttur sem rekur kaffihúsið og ferðaskrifstofuna Bræðraborg á Ísafirði

Í mars skoðuðum við svo FabLab, stafræna smiðju sem sett hefur verið upp á Ísafirði og héldum svo fund í Menntaskólanum á Ísafirði í framhaldinu.

Í apríl er svo ætlunin að skoða sjálfsrækt með Mörtu Ernstdóttur og í maí að skoða geðheilsumál með Sigríði Magnúsdóttur í IOTA deild og starfskonu Vesturafis.

Jóna Benediktsdóttir tók saman

## Kappadeild

Í samræmi við yfirskrift alþjóðasamtakanna ákvað Kappadeild að beina í vetur sjónum að

### konum í menningu og listum

Konum sem áttu sér draum um að helga líf sitt listum af einhverju tagi og létu drauminn rætast. Listhneigðum konum sem áttuðu sig á hæfileikum sínum og höfðu kjark og þor til þess að feta oft hina grýttu braut listarinnar og gerðu listina að ævistarfi. Einnig vildum við beina sjónum okkar að kennslu og menntun í listgreinum allt frá grunnskóla til háskóla og þeim breyttu áherslum sem orðið hafa í þeim greinum á síðustu árum. Þegar menn áttuðu sig á mikilvægi þeirrar greindar sem lýtur að sköpun og listgreinum af öllu tagi



Síðast en ekki síst vildum við horfa á mikilvægi þess að kunna að njóta listar þessari endalausni uppsprettu fegurðar og gleði



Fyrsti fundur var haldinn á Kaffihúsinu í Álafossvos 1. október. Eftir góðan göngutúr um það sögufræga svæði snæddum við nýveidda rauðsprettu. Gestur fundarins var söng – og leikkonan Þórunn Lárusdóttir. Hún sagði okkur frá því hvernig draumur hennar um að verða leikkona varð að veruleika. Hún söng fyrir okkur nokkur lög við undileik eiginmanns síns. Annar fundur vetrarins var haldinn í Öldutúnsskóla 7. nóvember. Þá fengum við í heimsókn Þórdísi Þórðardóttur doktor í menntavísindum, sem flutti okkur afar áhugavert erindi um menningarläsi barna. Jólafundurinn var haldinn á heimili Áslaugar Ármannsdóttur. Gestgjafinn eldaði dýrindis súpu sem borin var fram með brauði og góðu víni. Listakonan Ólafía Hrönn var leynigestur kvöldsins. Hún fór yfir ferilinn söng fyrir okkur og lék undir á gítar. Bókafundur var næstur, haldinn 6. febrúar á heimili Sigríðar Johnsen. Fjórar konur lásu upp úr eftirminnilegum bókum sem höfðu haft áhrif á líf þeirra og skoðanir. Næst funduðum við í Kvennaskóla Reykjavíkur 21. mars. Skólameistari Ingibjörg S. Guðmundsdóttir tók á móti okkur, leiddi okkur um skólann og fræddi okkur um það merka starf sem þar er unnið. Stjórn er nú að undirbúa vorfundinn sem haldinn verður 16. maí og er í bígerð að hitta enn eina listakonuna sem lét **drauminn rætast**.

Sigríður Johnsen, formaður

## Lambdadeild

Lambda deild hélt alls sex fundi veturinn 2012-2013. Skráðar voru 25 konur í upphafi hausts. Fjórar konur hættu, og ein kona óskaði eftir leyfi þennan vetur. Því voru um 20 konur virkar í vetur, þ.e. mættu reglulega á fundi. Í upphafi vetrar var ákveðið að þema vetrarins væri að við myndum kynnst betur og að á hverjum fundi myndi ein eða tvær konur kynna sig og hugðarefni sín, alveg þó á eigin forsendum. Því miður náðum við ekki að fylgja þessu eftir að öllu leyti, en þó var vetrarstarfið mjög gefandi og sérstaklega gaman að heimsækja vinnustaði Lambda-systra. Á fyrsta fundi var konum skipt í hópa sem hver bar ábyrgð á að undirbúa einn fund. Það fyrirkomulag gafst ákaflega vel, og kynntust konur betur þar sem þær höfðu þá sameiginleg verkefni. Hér á eftir gefur að líta yfirlit yfir fundina og helstu viðfangsefni þeirra.

### 1. Fundur í Lambda-deild 21. ágúst 2012 kl. 20:00-21.30

Haldinn á Hrólfsskálamel 4 að heimili Ingibjargar Ásgeirsdóttur, formanns Lambdadeildar

- a) **Ný stjórn.** Ingibjörg kynnti nýja stjórn Lambda: Ingibjörg Ásgeirsdóttir, formaður. Auður Hrólfsdóttir, Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Rannveig Hafberg. Valgerður Janusdóttir starfar áfram með stjórn sem gjaldkeri. Fráfarandi formanni, lðunni Antonsdóttur, og fráfarandi stjórnarkonu, Ólöfu Sigurðardóttur, voru þökkuð kærlega vel unnin störf.
- b) **Skipulag funda í vetur.** Stjórn hefur sett niður fundaplan fyrir veturinn 2012-2013 til að konur geti skrifað niður fundartíma í dagbækur með góðum fyrirvara. Ábyrgð á skipulagi funda hefur verið skipt niður á milli kvenna.
- c) **Þema í vetur.** Stjórn leggur til að lagt verði upp með að Lambda-konur kynni sig og störf sín á fundum þennan vetur. Tilgangurinn er sá að konur kynnist betur innan hópsins og að nýta þá þekkingu og reynslu sem býr í þessum fjölbreytta og sterka hópi kvenna. Á fundinum gekk skráningarblað og gátu konur valið þá dagsetningu sem hentar þeim. Kynning getur verið frá 5-30 mín. og hafa konur að sjálfsögðu



frjálsar hendur um viðfangsefni – hvort sem það snýr að starfi, áhugamálum, lífsstíl eða öðru. Samþykkt var að vinna eftir þessu skipulagi í vetur.

- d) **Kaffisþjall.** Á fundinum var gert hlé til að njóta veitinga í boði Ingibjargar og spjalla saman um daginn og veginn. Það nýttu konur sér óspart og eru Ingibjörgu færðar þakkir fyrir gestrisnina!
- e) **Umræður.** Að loknu kaffisþjalli var rætt um störf Lambda-deilar almennt sem og þá starfsemi sem Delta Kappa Gamma býður upp á.

### 1. Fundur í Lambda-deild 4. október kl. 20-22

Haldinn í Listagalleríinu Múkka, Fornubúð 8, Hafnarfirði. Gestgjafi var Aðalheiður Steingrímsdóttir, listakona, sem bauð okkur upp á dýrindis fiskisúpu á loftinu sínu.

- a) **Orð til umhugsunar.** Anna María var með orð til umhugsunar. Hún ræddi um mikilvægi þess að fagfólk í uppeldis- og menntastörfum sé meðvitað um ójafna stöðu kynjanna og leggi sitt af mörkum til að uppfærða ungu kynslóðina. Meðal annars benti hún á hvernig staðalímyndir kynja birtast í fjölmiðlum og hve nauðsynlegt sé að ræða við unga fólkinu um það sem sé óeðlilegt/eðlilegt.
- b) **Kynning** frá Aðalheiði Steingrímsdóttur listakonu. Aðalheiður rekur galleríið Múkka og er jafnframt með vinnustofu þar. Hún sagði okkur stuttlega frá listaferli sínum og kynnti okkur fyrir list sinni. Hún beitir blandaðri tækni og býr til afskaplega falleg listaverk, stór og smá.

### 2. Fundur Lambdadeild 28. nóvember.

Haldinn í Ingunnarskóla. Gestgjafi Guðlaug Erla, skólastjóri Ingunnarskóla og Lambdasystir.

Ákaflega ljúf kvöldstund sem Guðlaug Erla, Elísa, Gerður og Iðunn höfðu undirbúið og var fundurinn í senn fróðlegur og skemmtilegur. Elísa var með orð til umhugsunar, Gerður las upp jólasögu, og Guðlaug Erla sagði okkur frá áherslum í starfi Ingunnarskóla. Einnig sagði Guðlaug okkur frá dýrmætum minningum um ömmu sína og afa, og frá tíma þegar tölvur og tækni höfðu ekki tekið völdin í samskiptum fólks. Iðunn las brot úr ævisögu Guðrúnar Halldórsdóttur, fyrrverandi forstöðumanns Námsflokka Reykjavíkur og sagði okkur frá kynnum sínum af þeirri merku konu. Á fundinum var einnig farið í skemmtilegan spurningaleik sem Iðunn hafði undirbúið, skipt var í þrjá hópa og reyndi bæði á samvinnu og kunnáttu í landafræði. Í lok fundar var gengið um húsnæði skólans, en þar er áhersla á opin rými og samkenslu.

### 3. Fundur Lambdadeild 21. Janúar

Þessi fundur var haldinn á veitingastaðnum Carúsó. Ingibjörg formaður setti fundinn og ræddi í upphafi um inntöku nýrra kvenna í deildina, en komnar eru uppástungur um sex konur í deildina.

- a) Bjarney var með orð til hugunsar og spyr hvort að staða kvenna á landinu sé að versna. Hún sagði frá lífsbaráttu langalangömmusinnar sem var mikið hörkutól og barðist fyrir sínu þrátt fyrir mikla erfiðleika. Bjarney talar um að við þurfum vakningu í jafnréttismálum.
- b) Á síðari hluta fundarins var skipt í umræðuhópa. Auður las upp markmið DKG samtakanna og fóru fram góðar umræður í hópunum um hvernig við í Lambda gætum unnið að þessum markmiðum. Nokkrir punktar sem komu fram voru:
  - Gaman væri að kynnast öðrum deildum
  - Mikilvægt að byggja upp traust innan hópsins

- Fá fleiri kynningar á menntarannsóknnum til að efla þekkingu
- Efla andann með því að fá listafólk í heimsókn
- Tala um jafnrétti, því við erum mæður, ömmur, kennarar, konur.
- Skoða námsskrá, sérstaklega jafnréttiskafla.

#### 4. Fundur Lambdadeild 13. Mars 2013

Haldin að Borgartúni 12-14 í húsnæði Skóla- og frístundasviðs. Gestgjafi var Valgerður Janusdóttir, Lambdasystir.

Þessi fundur var með óhefðbundnu sniði, því Sigrún Jóhannsdóttir DKG systir bauð deildinni upp á stjórnunámskeið DKG fyrir stjórnendur. Þetta var ákaflega fróðleg og skemmtileg kvöldstund þar sem við rýndum í eigin kosti og galla sem stjórnendur. Sigrún lagði áherslu á mikilvægi þess að við hugsum útfyrir rammann, myndum góð tengsl við annað fólk og horfum frekar á möguleika fremur en hindranir.

#### 5. Fundur Lambdadeildar 23. apríl kl. 20-22

Fundurinn var haldinn í Flataskóla í Garðabæ og gestgjafi var Ólöf Sigurðardóttir, skólastjóri og Lambda-systir. Sérstakur gestur fundarins var Sigríður Ragna Ragnarsdóttir, formaður Delta Kappa Gamma á Íslandi.

- Sigurborg var með orð til umhugsunar og talaði um mikilvægi bjartsýni. Hugvekja hennar á svo sannarlega erindi þar sem mikið er um barlóm ogneikvæðni í samfélaginu í dag. Sigurborg talaði um mikilvægi þess að við leggjum áherslu á jákvæðni og bjartsýni í samskiptum við annað fólk, því verkefni lífs og starfa eru nógu erfið þó við bætum ekki neikvæðni við.
- Ólöf kynnti starf 5 ára deildar við Flataskóla, en Ólöf setti þetta verkefni á laggirnar haustið 2012, við frekar miklar efasemdir ýmissa aðila. Í dag eru 17 börn í deildinni og starfið hefur gengið ákaflega vel í vetur. Börnin eru í útiveru með yngstu bekkjunum og hafa lært að umgangast skólalóðina og vita að þau mega ekki fara út af lóðinni. Börnin eru í gulum vestum og ávallt er starfsmaður úr leikskóladeildinni á útisvæðinu með þeim. Í skólastarfinu blandast 5 ára börnin að nokkru leyti með sex ára bekknum, og hefur það komið vel út. Sérstaklega hafa sex ára börnin gaman af því að fá að leika sér með yngri börnunum. Stafainnlögn og lestrarkennslu er nokkur, í gegnum leikinn.
- Róbert H. Haraldsson, heimspekingur, flutti erindi um gagnrýna hugsun og fjölmiðla. Hann ræddi nokkur sláandi dæmi þar sem að fréttamennska var vægast sagt vafasöm. Röbert ræddi mikilvægi þess að við neytendur fjölmiðla lesum fréttir með gagnrýnu hugarfari og veltum fyrir okkur hvort að fréttamaðurinn sé að kynna okkur allar hliðar málsins, eða bara eina.



#### 6. Vorfundur Lambdadeildar verður haldinn 30. maí heima hjá Rannveigu Hafberg.

Tekið saman af ritara, Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur



## Mýdeild

Mý deild Delta Kappa Gamma var stofnuð 26. apríl 2011 og er nú að ljúka öðru starfsári sínu. Konur í Mýdeild eru 23 og koma af svæði sem nær frá Húsavík í austri til Dalvíkur í norðri. Í vetur hafa verið haldnir fimm hefðbundnir fundir, auk jólafundar sem haldinn var með Beta deild.

Í upphafi vetrar var valið yfirþema deildarinnar til næstu tveggja starfsára. Þemað „Grunnþættir menntunar“ varð fyrir valinu og tekið var mið af áherslum í nýjum aðalnámskám skólastiganna þriggja. Grunnþátturinn „sköpun“ var síðan valinn sem útgangspunktur fyrir starfið í vetur og markmið sett um að fundir vetrarins hafi allir einhvern snertiflöt við þennan mikilvæga grunnþátt menntunar. Konum var skipt í hópa og hver hópur sá um að skipuleggja og velja efni á einn fund yfir veturinn að höfðu samráði við stjórn.

Fundir vetrarins hafa verið fjölbreyttir, fróðlegir og skemmtilegir. Sá fyrsti hófst með heimsókn til listakonunnar Aðalheiðar Eysteinsdóttur sem gaf okkur innsýn í listsköpun sína. Á fundum vetrarins hafa verið flutt listagóð erindi, bæði af utanaðkomandi gestum en einnig hafa konur deildarinnar miðlað þekkingu sinni og reynslu. Nefna má erindi um störf listakonu í sveit, kynningu á störfum rithöfunda, um sköpun í námskrá og í kennslu, um starfsemi Menningarmiðstöðvar Húsavíkur, um Hugmyndaverksmiðjuna og frumkvöðlafræði. Einnig hafa verið flutt tónlistaratriði og konur sungið saman.

Í vetur hefur Mý deild gert skemmtilegar tilraunir með rafræn samskipti til að efla tengsl deildarkvenna utan hefðbundinna funda og fyrstu skrefin lófa mjög góðu.

Í janúar stofnaði Mý deild síðu á Facebook. Markmið með stofnun síðunnar er að efla tengsl deildarkvenna, hvetja til umræðna og greiða fyrir óformlegum samskiptum og samveru deildarkvenna milli hefðbundinna funda. Síðan hefur nú þegar nýst vel við undirbúning funda og konur eru einnig duglegar að setja á síðuna fróðlegt efni og greinar sem tengjast menntun á einn eða annan hátt.

Fyrsta rafræna Fréttabréf Mý deildar kom út í byrjun febrúar. Umsjón með því hefur Ingileif Ástvaldsdóttir. Fréttabréfinu er ætlað að miðla upplýsingum um starfið til deildarkvenna. Markmið með fréttabréfinu er einnig að efla kynni deildarkvenna og er fastur liður í ritinu að kona segir frá sjálfri sér. Í fréttabréfinu eru einnig sagðar helstu fréttir af vef landsambands og alþjóðasamtaka hverju sinni.

Í tengslum við Facebook síðuna og fréttabréfið var sett af stað skemmtilegt verkefni sem nefnist *Konfekt*. Markmiðið með verkefninu er að miðla þekkingu, auka umræðu og efla



Í Freyjulundi hjá Aðalheiði Eysteinsdóttur myndlistarkonu



Í Freyjulundi hjá Aðalheiði Eysteinsdóttur myndlistarkonu

tengsl milli deildarkvenna með því að virkja konur til þátttöku á Facebook síðu hópsins, deila efni í fréttabréfið og ræða efnið á fundum. Verkefnið skiptist í; molann (innlegg á Facebook), kassann (samantekt í fréttabréfi) og veisluna (umræður á fundi). Markmiðið er að í hverri viku fari áhugavert efni inn á Facebook síðuna en konur skipta með sér að finna efnið og deila. Vel hefur tekist til með fyrstu molana og fyrsti kassinn er væntanlegur í næsta fréttabréfi. Fréttabréfið má nálgast á heimasíðu Mý deildar og slóð á fyrsta bréfið er <http://mad.ly/75ec73>

Jenný Gunnbjörnsdóttir, formaður.

## Frá starfi Delta Kappa Gamma nefnda 2012-2013

### Frá formanni Evrópu Forum

Í Evrópu Forum nefndinni sitja fulltrúar Evrópulanda DKG og er Ísland í forsvari tímabilið 2012-2014.

#### Markmið Evrópu Forum er

- að sameina evrópska meðlimi samtakanna og virkja fjölbreytni þeirra.
- að gefa tækifæri til opinna umræðna um mikilvæg menntunarleg málefni.



Forum nefndin 2012-2014 einsetti sér að gera þetta mögulegt, en auðvitað er það undir okkur félagskonum komið hvernig til tekst. Okkar miðill er vefurinn og munum við þurfa að auka notkun hans. Við hvetjum konur til að senda inn efni og miðla af þekkingu sinni og reynslu.

Evrópu Forum er vettvangur skoðanaskipta kvenna í Evrópu um það sem sameinar þær í samtökum DKG. Við erum ólíkar en eigum samt mikið sameiginlegt. Við hvetjum til samskipta milli landa, alþjóðlegra nefnda og styðjum við bakið á Evrópuforseta. Með því að styrkja stöðu okkar innan samtakanna, sameinast um málefni og efla okkur faglega þá myndum við tengslanet kvenna sem er ómetanlegt og getur látið gott af sér leiða. Forum styður við útbreiðslu, styrkir fjölbreytni innan deilda, landa og svæða.

Evrópu Forum heldur einn fund á ári þar sem við sameinum DKG konur í Evrópu undir einum hatti. Þar getur hver kona haft áhrif og allar hafa tillögurétt. Við ræðum málefni okkar og sérstöðu.

Evrópu Forum heldur einnig einnig utan um ráðstefnudag fyrir Evrópuráðstefnur.

Á undan Evrópuþinginu í sumar, þriðjudaginn 6. ágúst, heldur Forum nefndin „Pre Conference“. Umræðuefnið er **Menntun fyrir alla**. Þar munu verða innlegg nokkurra landa um það sem er efst á baugi í Evrópulöndum. Við vonumst eftir góðri umræðu og skoðanaskiptum og að sem flestir ráðstefnugesta gefi sér tíma til að taka þátt í þessum degi með okkur.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flestar á Evrópuráðstefnunni í ágúst.

Með bestu kveðju

Ingibjörg Jónasdóttir  
formaður Evrópu Forum.

## Laganefnd

Laganefnd 2011-2013 skipuðu: Auður Torfadóttir formaður, Etadeild, Fanný Gunnarsdóttir Alfadeild og Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir Zetadeild. Sigríður Jóhannesdóttir lögsögumaður starfaði með nefndinni.

Laganefnd 2009-2010 sem stóð að endurskoðun laganna náði ekki að klára reglugerðina og kom það í hlut núverandi laganefndar að ganga frá breytingum. Nokkur mál bárust laganefnd þar sem bent var á atriði sem þyrfti að skoða sérstaklega og kallað var eftir tillögum frá félagskonum og nefndum sérstaklega. Drögin voru sett á vefinn til umsagnar í október eins og lög gera ráð fyrir, en engar breytingartillögur bárust innan umsagnarfrests.

Helstu breytingar sem gerðar voru: Uppfæra þurfti ýmsar greinar vegna endurkoðaðra laga. Má þar nefna að nú er ekki gert ráð fyrir framkvæmdaráði í deildum. Nefndin taldi að slík yfirbygging ætti ekki við í deildum sem eru jafn fámennar og okkar hér á landi.

Á nokkrum stöðum var kveðið nánar á um hvert ferlið væri í ákveðnum málum, þannig að boðleiðir væru skýrar.

Vegna framkominna ábendinga var skerpt á ferlinu í tengslum við val og kosningu nýrra félagskvenna og er deildum í sjálfsvald sett hvernig kosning fer fram, þ.e. leynileg eða opin. Einnig var kveðið skýrar á um það ferli þegar félagskona óskar eftir að ganga í samtökin að nýju eftir hlé eða óskar eftir að skipta um deild, t.d. vegna breyttrar búsetu.

Um kosningar í embætti landssambands og deilda var kveðið á um að aðeins væru kosningar leynilegar þegar um væri að ræða fleiri en einn frambjóðanda í embætti.

Varðandi nefndir var gerð sú breyting að skilgreiningar á hlutverkum deilda var fært úr lögum í reglugerð. Einnig var kveðið nánar á um hlutverk nefnda en verið hafði í lögum. Þá var bætt við ákvæði um tilnefningar í alþjóðanefndir og nefndir á vegum Evrópusamtakanna.

Auk þess að endurskoða lög og reglugerð hefur laganefnd það hlutverk að sjá til þess að handbók sé í samræmi við lög og reglugerð. Nú er verið að endurskoða handbókina og laganefnd hefur uppfært það sem að lögum og reglugerð snýr.

Félagskonur eru hvattar til að kynna sér lög og reglugerð landssambandsins og koma með tillögum fyrir næsta landssambandsþing ef einhverjar breytingar teljast æskilegar.

Auður Torfadóttir, formaður laganefndar

## Félaga- og útbreiðslunefnd

Nefndina skipa:

Elinborg Sigurðardóttir, formaður,	Epsilon deild
Ásborg Arnþórsdóttir	Epsilon deild
Guðrún Edda Bentsdóttir	Kappa deild
Hrönn Bergþórsdóttir	Kappa deild
Ingibjörg Auðunsdóttir	Beta deild



Bæði starfsárin hefur nefndin haldið utan um og uppfært félagatal DKG en Eygló Björnsdóttir vefstjóri hefur síðan séð um að setja leiðréttingarnar inn á vefsíðu samtakanna <http://dkg.muna.is>. Ákveðið var af landsambandsstjórn að gefa félagatalið ekki út í prentuðu formi en hafa það í sífelldri endurskoðun og vel aðgengilegt til útprentunar á vefsíðunni. Á haustmánuðum yfirfor nefndin einnig félagatal Íslands frá höfuðstöðvunum í USA. Formaður nefndarinnar hefur séð um að senda skýrslur til USA um látnar félagskonur. Á starfstímanum hafa 4 félagskonur látist. Einnig hefur formaður safnað saman upplýsingum frá formönnum deilda um starfið í deildunum á þar til gerðu eyðublaði (FORM 36) og sent samantekt til höfuðstöðvanna í USA.

Á yfirstandandi ári hefur öll nefndin unnið að 4. endurskoðun á Handbók DKG í samráði við formann laganeftar og landsambandsforseta. Handbókin verður áfram aðgengileg til útprentunar á vefsíðu samtakanna. Að þessu sinni var einnig reynt að setja krækjur á helstu eyðublað og upplýsingar. Handbókin þarfnast frekari endurskoðunar og eru allar ábendingar vel þegnar.

Landsambandsstjórnin ákvað í byrjun starfstímans, að ekki yrðu stofnaðar nýjar deildir heldur reynt að styðja við það góða starf sem unnið er í þeim. Mikilvægt er að hver deild standi vaktina og missi helst aldrei út félagskonu vegna þess að deildin/samtökin eru á einhvern hátt að bregðast væntingum hennar. Þá þarf innri skoðun og það þarf hver deild í rauninni að gera reglulega. Hvað erum við að gera vel? Hverju viljum við breyta? Hversvegna? Misbrestur virðist vera á því að formenn deilda fylgi lögum DKG kjósi félagskona að segja sig úr samtökunum.

Höfum einkunnarorð samtakanna; VINÁTTA - HJÁLPSEMI - TRÚMENNSKA ætíð að leiðarljósi í öllu starfi okkar.

Elinborg Sigurðardóttir

## International Expansion Committee

Að loknu hverju alþjóðþingi velur alþjóðforseti einn fulltrúa frá hverju svæði (region) í International Expansion Committee eða útbreiðslunefnd til tveggja ára í senn.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að standa fyrir kynningu á samtökum DKG í þeim löndum sem ekki eiga aðild að samtökunum og standa straum af kostnaði við stofnun deildar í nýju landi
2. Að styðja og styrkja þau landssambönd sem þurfa á aðstoð að halda t.d. varðandi starfsemi innan deilda eða eflingu á annan hátt.

Vegna þessa hlutverks er nefndinni úthlutað ákveðnu fjármagni á fjárhagsáætlun samtakanna og er það ýmist notað til að standa straum af stofnun nýs landssambands eða til að deila niður á þau landssambönd sem standa illa og þurfa aðstoð, t.d. með því að senda fulltrúa til að vinna með landssambandsstjórn viðkomandi lands/ríkis eða veita fjármagn til að styrkja fulltrúa til að taka þátt í svæðisþingi eða alþjóðþingi.

Á síðasta kjörtímabili var Japan tekið inn í samtökin með yfir 60 konum og var það langt og mikið átak, en hvert inntökutímabil getur tekið 2-4 ár. Ósk um inngöngu þarf að berast nefndinni frá ábyrgum aðila í viðkomandi landi og síðan þarf að skoða þá umsókn til að kanna hvort hún byggist á traustum grunni og að rétt sé staðið að henni. Síðan hefst söfnun væntanlegra félaga o.s.frv. Nú hefur borist fyrirspurn frá Póllandi sem verið er að skoða.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ákveðið hvaða lönd fá styrk á þessu ári en það eru þau lönd sem hafa misst flesta félaga og eiga í erfiðleikum með rekstur.

Markmið nefndarinnar fyrir 2012 – 2014 eru á heimasíðu DKG undir nefndir – expansion. Þar er einnig hægt að lesa um það ferli sem þarf að fara eftirvið inntöku, sjá *Guidelines for International Expansion Process*.

Ég hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur þessi gögn.

Fulltrúi hvers svæðis setur upp upplýsingaborð (Info Fair) á hverju svæðapingi og verður okkar í Amsterdam í ágúst en síðan verður nefndin með sameiginlegan kynningarfund/vinnufund (workshop) á alþjóðapinginu í Indinapolis 2014.

Hertha W. Jónsdóttir, fulltrúi Evrópusvæðis í IEC

## World Fellowship Committee 2012 – 2014

Dagana 22. og 23. mars s.l. sótti ég fund World Fellowship Committee í Austin, Texas.

Markmið World Fellowship nefndarinnar er að úthluta námsstyrkjum til kvenna sem búa utan Bandaríkjanna og Kanada en stefna á háskólanám í þessum löndum. Þessir námsstyrkir eru ekki fyrir félagi í DKG.

Nefndarmenn eru tilnefndir af alþjóðaforseta til tveggja ára. Fulltrúar í nefndinni eru fimm og kemur einn frá hverju svæði í Bandaríkjunum og einn frá Evrópu. Ég sit í nefndinni sem fulltrúi Evrópu. Nefndin hittist einu sinni á ári til að fara yfir umsóknir og ákveða hvaða konur hljóta styrk. World Fellowship styrkir hafa verið til síðan 1946 og eru fjármagnaðir með frjálsum framlögum ýmissa aðila.

Fyrir fundinn vorum nefndarkonur búnar að lesa og meta allar umsóknir sem bárust þetta árið. Þetta voru 75 umsóknir frá konum alls staðar að úr heiminum. Þessar konur ætla sér að stunda margskonar nám s.s. menntunarfræði, viðskipti, náttúruvísindi, stærðfræði, tæknifræði, stjórn málafræði og listgreinar svo eitthvað sé nefnt. Það var bæði áhugavert og lærdómsríkt að lesa um persónulega reynslu og sögu þessara kvenna. Allar eru þær að stefna á meistara- eða doktorsnám í bandarrískum og kanadískum háskólum. Við nýttum okkur tæknina og héldum símafund í janúar til að samræma okkur og fara yfir helstu verkefni. Það er mjög gott að halda slíka fundi, sparar mikinn tíma og peninga og vinnan verður markvissari. Á þessum símafundi lögðum við einnig grunn að kynningu fyrir sumarþing hvers landssvæðis. Í Evrópu verður sumarþingið haldið í Amsterdam í ágúst.

Á fundinum í Austin fengum við síðan það skammtilega verkefni að velja 23 konur frá 22 löndum sem fá úthlutað \$4000,- hver eða samtals \$ 100.200,- Framhaldsstyrk hlutu tíu konur. Því má segja að DKG sé svo sannarlega að hafa áhrif á menntun um allan heim því allir styrkþegar eru að afla sér aukinnar menntunar til að geta síðan snúið heim aftur og haft áhrif í sínu heimalandi.

Í lok fundar var rætt um hvernig nefndarkonur geta kynnt nefndina á væntanlegum svæðisþingum DKG bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Við samræmdum hugmyndir og upplýsingar fyrir sumarþingin, fréttablað DKG, bækling sem gefinn er út til kynningar nefndinni og heimasíðu DKG.

Nefndin setti sér síðan ný markmið fyrir næsta starfsár og eru þau eftirfarandi:

- A. Senda upplýsingar með tölvupósti til allra landssambanda World Fellowship
- B. Kynna starf World Fellowship fyrir félagskonum
- C. Efla fjárhagslegan stuðning við World Fellowship

Fundurinn í Austin var bæði lærdómsríkur og ánægjulegur. Það var skemmtilegt að kynna þessum frábæru konum sem eiga sæti í nefndinni og fá að koma í höfuðstöðvar DKG. Húsið „okkar“ í Austin er glæsilegt og þar má sjá sögu DKG samtakanna í máli og myndum.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild

## Uppstillingarnefnd

Á landssambandsþingi vorið 2011 voru eftirtaldar konur skipaðar í uppstillingarnefnd til tveggja ára.

*Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, formaður*  
*Ingibjörg Auðunsdóttir, Þetadeild*  
*Margrét Gunnarsdóttir Schram, Alfadeild.*

Á fyrra ári kjörtímabilsins ákváðu nefndarkonur að hvetja formenn deilda til að skipa uppstillingarnefndir í sínum deildum en komið hafði í ljós að það virtist vera venja í sumum deildum en ekki öðrum. Vonum að það sé nú orðinn fastur liður hjá öllum deildum.

Í október 2012 var sent bréf til allra formanna og óskað eftir tilnefningum í stjórn landssambandsins, í uppstillingarnefnd og skoðunarmenn reikninga fyrir næsta kjörtímabil. Tilnefningum bar að skila eigi síðar en 25. nóvember. Í bréfinu lögðum við áherslu á mikilvægi þess að félagskonur sem tilnefndar yrðu hefðu reynslu af starfi í stjórn deilda en að jafnframt væri bæði lærdómsríkt og skemmtilegt að starfa í stjórn landssambandsins. Óhætt er að segja að viðbrögð við bréfinu voru góð, við fengum tilnefningar frá átta deildum af tólf mögulegum og fannst okkur það góðar heimtur. Við höldum marga fundi, flesta á rafrænu formi vegna búsetu nefndarkvenna en í lok janúar sendum við tillögur nefndarinnar til stjórnar landssambandsins og verða þær síðan bornar upp á aðalfundi landssambandsins þ. 5. maí 2013.

F. h. Uppstillingarnefndar, Ingibjörg Einarsdóttir, formaður

## Samskipta- og útgáfunefnd - Communication and Publicity Committee



Á myndinni má sjá konur í Community og Publicity nefndinni, 2012–2014.

Ég tók að mér að sitja í Communication og Publicity nefndinni fyrir Evrópusvæðið og var fyrsti fundur nefndarinnar boðaður í höfuðstöðvunum í Austin Texas, 19.-20. september. Ferðalagið til Austin gekk vel, enda samferðakonan, Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir í Alfadeild, reynslubolti og öllum hnútum kunnug. Ég var nefnilega svo heppin að hún var líka að fara á fund svo gott sem á sama tíma.

Á þessum fyrsta fundi var farið yfir þau verkefni sem við blasa næsta árið, sett niður áætlun og markmið fyrir starfstímabilið

og viðmið fyrir útlit og innihald vefsíðna samtakanna yfirfarin ásamt ýmsu öðru. Eitt helsta hlutverk nefndarinnar er að yfirfara allar vefsíður landsambanda og deilda og kanna hvort þær uppfylla markmið samtakanna um útlit og innihald. Ef þær gera það, þarf að gefa grænt

ljós á það til alþjóðasambandsins að þær fái „viðurkenningartákninu“ úthlutað eða endurnýjað hafi þær haft það áður.

Ef landsambönd og deildir fá ekki viðurkenningu er ekki sett krækja í vefsíður þeirra frá vef alþjóðasambandsins. Þetta hefur svo „margfeldisáhrif“ á þann hátt að t.d. okkur hérna á Íslandi er í rauninni ekki heimilt að setja tengil í þær deildarsíður og landsambandsíður í Evrópu sem ekki hafa fengið viðurkenningu. Það er því nokkuð í húfi að fá viðurkenninguna.

Eftir að heim var komið tók því við annasamur tími þar sem hafa þurfti samband við öll landsamböndin á Evrópusvæðinu og í framhaldi af því yfirfara og meta allar vefsíðurnar innan þeirra. Þessu þurfti að vera lokið fyrir 1.nóvember þegar umsóknarfresturinn til að biðja um endurnýjun á viðurkenningunni rennur út. Það er skemmtilegt að geta sagt frá því að allar íslensku deildirnar auk landsambandsins fengu viðurkenningu og skarta nú „viðurkenningartákninu“ á sínum vefsíðum.

Annað hlutverk nefndarinnar er að semja og gefa út fréttabréfið „Strengthening the Buzz“. Það kemur út á tveggja mánaða fresti og er hægt að nálgast það á vefsvæði okkar undir



*Eygló Björnsdóttir, Betadeild, skýrsluhöfundur, fyrir framan höfuðstöðvarnar í Austin, Texas*

#### Útgáfumál.

Eftir fundinn í Austin hefur verið haldinn einn fundur í nefndinni og fór hann fram gegnum veffundakerfið Go to meeting, laugardaginn 10. nóvember. Fundurinn gekk prýðilega, allar nefndarkonur náðu að tengjast og áttu góðan fund. Aðalfundarefni var svæðaráðstefnurnar á sumri komanda en þessi nefnd hefur hlutverki að gegna á þeim ráðstefnum. Meðal annars þarf hún að standa fyrir kynningum og hvetja til samskipta og tengsla innan svæðanna og koma að þjálfun fyrir vefstjóra og ritstjórnir landsambanda.

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður í Austin í Texas 27. og 28. september í haust.

Eygló Björnsdóttir



Umsjón með gerð þessa heftis með skýrslum deilda og nefnda DKG 2012-2013

Lára Guðmundsdóttir, formaður ritnefndar